

Doxorubicin liposomal

Upplýsingar um lyf

Liposomal doxorubicin er krabbameinslyf sem er notað við ýmsum tegundum krabbameina svo sem brjóstakrabbameini, eggjastokkakrabbameini, mergæxlum og sarkmeinum. Lyfið er gefið eitt sér eða með öðrum krabbameinslyfjum.

Hvernig lítur lyfið út og hvernig er það gefið?

Liposomal doxorubicin er rauðleit lausn sem er gefin í æð. Fyrsta meðferð er gefin á 90 mínútum en síðari skipti yfirleitt á 30-60 mínútum nema hjá þeim sem eru viðkvæmir fyrir lyfinu.

Þar sem lyfið er mjög ertandi fyrir líkamsvefi ef það fer út fyrir æð er mjög mikilvægt að þú látir **strax** vita ef þú finnur fyrir sviða eða sársauka á stungustað.

Algengar aukaverkanir:

Það er einstaklingsbundið og háð skammtastærð hversu miklar aukaverkanir verða.

- Möguleg ofnæmisviðbrögð** geta lýst sér meðal annars með bakverkjum, hitatilfinningu, brjóstverk, lækun á blóðþrýstingi, útbrotum og andþyngslum. Mikilvægt er að láta hjúkrunarfræðing strax vita ef þú finnur fyrir ofangreindum einkennum. Til þess að fyrirbyggja og draga úr ofnæmiseinkennum eru gefin ofnæmislyf fyrir lyfjagiöfina.
- Fækkun á hvítum blóðkornum** nær hámarki 10-14 dögum eftir lyfjameðferð en þeim fjölgar svo aftur á álíka löngum tíma. Þegar líða tekur á meðferðina getur rauðum blóðkornum og blóðflögum einnig fækkað. Fækkun á hvítum blóðkornum eykur hættu á sýkingum en fækkun á blóðflögum getur valdið blæðingum frá húð og slímhúð en fækkun á rauðum blóðkornum getur valdið svima og slappleika.
- Ógleði og/eða uppköst** sem hægt er að fyrirbyggja með notkun velgjuvarnarlyfja.
- Handa- og fótaheilkenni** einkennast af roða, verkjum og bólgu í húð í lófum og á iljum. Til að draga úr þessum einkennum er gefið pyridoxin (B6 vítamín).
- Hármissir og hárbýnning.** Hárið vex aftur að meðferð lokinni.
- Bólga og þurrkur í **slímhúðum** í munni og meltingarfærum.
- Húðþurrkur, kláði** og stundum útbrot.
- Þreyta og magnleysi.**
- Lystarleysi.**
- Náladofi.**
- Einkenni frá meltingarvegi** svo sem kviðverkir, hægðatregða eða niðurgangur.
- Rauðleitt þvag** í allt að 48 klukkustundir eftir lyfjagiöfina.

Sjaldgæfar aukaverkanir:

Liposomal doxorubicin getur haft áhrif á starfsemi hjartans. Vegna þessa verður fylgst með hjartastarfsemi í upphafi meðferðar og reglulega meðan á meðferð stendur. Einkenni vegna áhrifa á hjarta geta komið fram fljótlega eftir að meðferð er hafin en einnig mörgum árum eftir að meðferð er lokið.

Sérstakar ráðleggingar:

Ef þú færð hita ($\geq 38^{\circ}\text{C}$) eða hroll, andþyngsli eða mæði, særindi í munni, hálsi eða við þvaglát getur það verið merki um sýkingu og þá þarf að hafa samband strax við deildina þína eða bráðamóttöku. Einnig er mikilvægt að hafa samband ef þú ert með:

- Niðurgang oftari en 4-6 sinnum á sólarhring
- Þjúg, mæði eða skyndilega verki
- Mjög hraðan, mjög hæg og/eða óreglulegan hjartslátt.
- Brjóstverki eða andþyngsli
- Viðvarandi hósta
- Roða, bólgu og blöðrur við innrennslisstað

Það er mikilvægt að drekka vel af vökva meðan á lyfjameðferð stendur, að minnsta kosti 8-10 glös á dag.

Mögulegt er að eitthvað af niðurbrotsefnum lyfjanna finnist í sæðisvökva og slímhúð legganga í nokkra daga eftir lyfjameðferðina. Því er mælt með að nota verjur við samfarir meðferðardaginn og fyrstu vikuna eftir lyfjagjöfina. Mikilvægt er að forðast þungun og getnað meðan á meðferð stendur og í að minnsta kosti sex mánuði eftir að meðferð lýkur.

Frekari upplýsingar um lyfið og aukaverkanir þess

- Upplýsingar á íslensku:
 - » www.serlyfjaskra.is (heiti lyfs er skráð í leitarstreng)
- Upplýsingar á ensku:
 - » <http://chemocare.com/chemotherapy/drug-info/doxorubicin-liposomal.aspx>
 - » <https://www.oncolink.org/cancer-treatment/oncolink-rx/doxorubicin-liposomal-doxil-r>